



331. fundur Afrekssjóðs ÍSí

4. febrúar 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Stefán Jóhannesson(SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Fjarverandi: Guðrún Inga Sívertsen (GS)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

1. Úthlutun á nýju fjármagni í afrekstarf

Umræður fóru fram um forsendur úthlutunar. Stjórn sjóðsins er sammála um að vinnan sem unnin hafði verið af vinnuhópnum við úthlutunina hafi verið góð. Forsendurnar séu góðar þó ýmsar leiðir séu færar við að komast að réttri niðurstöðu. Rætt var hvort aðrar forsendur hefðu verið hæfar líkt og að hækka styrki í þeim afrekspáttum sem voru styrktir við úthlutun sjóðsins í desember. T.d. með því að hækka grunnstyrki vegna stöðugilda í afrekstarfi eða styrki vegna stórmótaþátttöku með sömu forsendum og unnið var með þá.

Rædd var tillaga vinnuhópsins um af styrkja sérstaklega beint vegna árangurs en talið að frekari forsendur þurfi og útreikninga til að gera það með réttum hætti. Því var ákveðið að tengja ekki árangur frekar við úthlutunina en gert er í stórmótaþátttökustyrknum. Þar birtist árangur í því að fara á fleiri stórmót. Þá fæst hærri styrkur fyrir að fara á sterkari mót en veikari.

Þá var rædd úthlutun til KSÍ. Allir sammála um að KSÍ ætti að fá styrk við þessa úthlutun en allir líka sammála um að taka þurfi tillit til fjárhagsstöðu KSÍ.

Lagt var fyrir KSR að fínþússa skjal með útreikningum að úthlutun og texta um að tillagan byggði á vinnu og tillögum vinnuhópsins. Einnig að útbúa drög að minnisblaði sem fer til framkvæmdastjórnar með tillögu stjórnar Afrekssjóðs.

Myndi tillagan og minnisblaðið svo verða samþykkt á næsta fundi Afrekssjóðs eða í tölvupósti og lögð fyrir framkvæmdastjórn.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.55